



Reglur um ferliþjónustu í Ísafjarðarbæ

Markmið ferliþjónustu

1. gr.

Meginmarkmið ferliþjónustu er að gera notendum þjónustunnar kleift að sækja vinnu, nám, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, hæfingu hvers konar og tómsundur.

2. gr.

Notendur

Ferliþjónusta er ætluð til afnota fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem eru andlega eða líkamlega skertir og geta ekki notað bifreið eða nýtt sér almenningsfarartæki af þeim sökum. Einstaklingar sem hafa tímabundið aðsetur í Ísafjarðarbæ en eiga ekki lögheimili þar, geta átt kost á þjónustunni ef sveitarfélag sem viðkomandi á lögheimili í er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna aksturs. Skal samþykki þess liggja fyrir áður en þjónusta er veitt. Einstaklingar sem búa í Ísafjarðarbæ geta átt kost á tímabundnum akstri í öðru sveitarfélagi á meðan þeir dvelja þar. Það er þó háð því að viðkomandi sveitarfélag geti veitt þjónustuna.

3. gr.

Forgangur, ferðafjöldi og þjónustutími

Ferðir vegna vinnu, skóla, þjálfunar, heilsugæslu og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra einkaerinda er háður takmörkunum, en miða skal við að þær verði ekki fleiri en 12 á mánuði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 60 á mánuði. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Þjónustutími er sem hér segir: Virka daga frá kl. 07.00 til kl. 19.00. Akstur fer eftir samkomulagi um helgar og hátíðardaga. Aðfangadag og gamlársdag lýkur akstri kl. 16.00 og hefst á ný sólarhring síðar. Föstudaginn langa og páskadag hefst akstur kl. 16.00. Ferðir geta fallið niður vegna veðurs og ófærðar. Ferliþjónusta ber ekki ábyrgð á því að fært sé að anddyri.

4. gr.

Umsóknir og afgreiðsla

Sækja þarf um ferliþjónustu á fjölskyldusviði í Stjórnsýsluhúsi eða á skrifstofu heimaþjónustu á Hlíf. Umsókn er metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika. Heimilt er að óska viðeigandi vottorða og upplýsinga er varpað geta ljósi á ástand og þörf hins fatlaða fyrir þjónustu. Hægt er að skjóta úrskurði starfsmanna fjölskyldusviðs til félagsmálanefndar.

5. gr.

Samningur um þjónustu

Gera skal samkomulag um akstur hvers umsækjanda og sérstaklega um fastar ferðir vegna atvinnu og náms. Þanta þarf ferðir og gera viðvart um breytingar með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Afþöntun skal gera með minnst 3 klst. fyrirvara, annars telst ferðin með í uppgjöri við notanda.

6. gr.

Þjónustusvæði

Þjónustusvæðið miðast við mörk sveitarfélagsins, svo og þéttbýliskjarna Bolungarvíkur og Súðavíkurhrepps.



7. gr.

Akstur

Aksturinn miðast við að ekið sé frá og að anddyri. Farþegi skal tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er tryggt að bíll bíði sé farþegi ekki tilbúinn. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórar sinna ekki sendiferðum fyrir farþega. Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun.

8. gr.

Aðstoðarmenn

Farþega er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann. Geti farþegi ekki ferðast einsamall án þess að valda ökumanni eða öðrum farþegum óþægindum, getur ferðaþjónustan krafist fylgdarmanns með honum.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Þær öðlast þegar gildi.